



**Viðtakandi:** Menningar-, íþróttá og tómstundaráð

**Sendandi:** Menningarborgin

Reykjavík, 6. nóvember 2024

MIR24110008

## MINNISBLAÐ

### Skortur á tónleikarýmum í Reykjavík.

Umræðan um skort á tónleikastöðum í Reykjavík hefur verið áberandi undanfarið. Það hefur áhrif á borgarmyndina þegar staðir með mikla sögu og tilfinningalegt gildi loka.

Staðir sem hafa leikið stórt hlutverk í tónlistarsenunni, eru menningarlega mikilvægir staðir og mikilvægur hlekkur í vistkerfi tónlistar. Staðir sem eiga þátt í því að skila okkur frábæru tónlistarfólki og staðir sem hafa komið Reykjavík á heimskortið sem tónlistar og menningarborg.

Reykjavík er ekki eina borgin sem stendur frammi fyrir þessari áskorun, flæði fólks og fjölgun ferðamanna um heim allan veldur því að þetta er alþjóðlegt vandamál sem margar borgir standa frammi fyrir.

Tónlistarborgin Reykjavík hefur það að markmiði að stuðla að blómlegu tónlistarlífi um alla borg og er með tvö járn í eldinum sem talar beint til stöðunnar, þ.e. gerð myndbanda í þágu tónleikastaða og áætlaða þarfagreiningu og rannsókn í samstarfi við önnur svið borgarinnar, Rannsóknarsetur skapandi greina og Tónlistarmiðstöð.

### Myndbönd tónleikastaða

Tónlistarborgin vinnur þessa dagana að kynningarmyndböndum tónleikastaða í Reykjavík. Markmið með gerð myndbandanna er tvíþætt, annars vegar að vekja athygli á og lyfta upp þeim tónleikastöðum sem eru starfandi í miðbæ Reykjavíkur, og hinsvegar að stuðla að upplýsingamiðlun til tónlistarfólks um aðgengi og eðli staðanna.

Upptökum er lokuð á fjórum stöðum, Gauknum, The Bird, Iðno og grasrótarrýminu R6013, og eru myndböndin í vinnslu. Áætluð útgáfa fyrstu fjögurra myndbandanna er um miðjan nóvember og á sama tíma munu vera tölur á öðrum fjórum stöðum; Lemmy, Hörpunni, Dillon og Nasa.

Áætlað er að gefa út átta myndbönd fyrir áramót.

### Kortlagning á tónleikarýmum.

Ólíkir opinberir aðilar vinna nú að kortlagningu eða þarfagreiningu í þágu tónleikastaða og lifandi flutnings.

### Tónlistarmiðstöð

Tónlistarmiðstöð ber ábyrgð á aðgerðum í þágu tónleikastaða samkvæmt nýrri tónlistarstefnu, og er brú á milli rannsóknarmiðstöðva, háskóla og annarra hagsmunaaðila þegar kemur að rannsóknum á sviði tónlistar. Tónlistarmiðstöð hefur stofnað nokkra mismunandi ráðgjafahópa sem taka þátt í stefnumótunarvinnu stöðvarinnar og leiðir rannsókna vinnuna.



### **Atvinnu- og borgarþróunarteymi Reykjavíkurborgar**

Verið er að vinna að skýrslu hjá atvinnu- og borgarþróunarteymi borgarinnar um vöntun á húsnæði undir tónlistarflutning fyrir grasrótarsenuna, með það að markmiði að finna viðeigandi húsnæði sem boðið væri út undir rekstur í slíka starfsemi.

### **Þjónustu- og nýsköpunarsvið Reykjavíkurborgar**

Unnið er að þarfagreiningu hjá ÞON fyrir menningar- og samfélagshús á Ártúnshöfða, en mikilvægur liður í greiningunni er að skilja það skapandi menningar-, og frumkvöðlastarf sem á sér stað í borginni og skoða innlendar og erlendar fyrirmyndir.

### **Rannsóknarsetur skapandi greina**

Rannsóknarmiðstöð skapandi greina vinnur nú að rannsókn um tónleikastaði.

Fyrsti hluti rannsóknarinnar er samantekt á núverandi stöðu lifandi tónleikastaða og húsnæðis í Reykjavík.

Annar hluti rannsóknarinnar er eigindlegt rannsóknarverkefni sem skráir munnlega sögu eigenda tónleikastaða og tónlistarmanna um lifandi tónleikastaði og flytjendur síðustu 10 ára.

Þriðji þáttur rannsóknarinnar er könnun sem veitir innsýn í viðhorf ferðamanna á lifandi tónlist í Reykjavík og hvaða áhrif hún hefur á ákvörðun þeirra að heimsækja Ísland, dagskrána í fríinu þeirra og val á gistingu.

Rannsóknarmiðstöð skapandi greina telur að þessi gögn verði áfram mikilvæg í umræðunni um þróun Reykjavíkur, sérstaklega hvað varðar húsnæðismál, menningu og ferðaþjónustu.

Tónlistarborgin sem fjöltengi tónlistar í borginni fundaði með ofangreindum aðilum 31. október sl. Niðurstaða fundarins er að mikilli skortur er á haldbærum gögnum til að stuðla að raunverulegum stefnubreytingum í þróun tónleikastaða og lifandi flutnings og mikilvægt er að sameina vinnu og krafta þessara aðila.

Á síðustu árum hafa myndast göt þegar tónleikastaðir loka sem ekki hefur náðst að fylla í og það vantar ákveðnar tegundir af tónleikastöðum í borgarlandslagið. Það er mikilvægt hverri borg að vera með fjölbreytta flóru tónleikastaða sem þjónustar ólíkar tónlistarstefnur og tónlistarfólk sem er á mismunandi stað á sínum tónlistarferli.

Styrkir og ýmis konar stuðningur eru einungis plástur á sárin ef tónleikastöðum er ekki boðið upp á lífvænlegt rekstrarumhverfi. Það þarf því að vinna á dýptina - fara í stefnumótun og taka djarfar ákvarðanir um menningarlegt gildi tónleikastaða og mikilvægi þeirra fyrir vistkerfi tónlistar.

Tónlistarborgin Reykjavík mun verða virkur samstarfsaðili í kortlagningunni og aðstoða Rannsóknarmiðstöð skapandi við rannsóknina líkt og önnur svið borgarinnar.

Virðingarfyllst,  
Arnfríður S Valdimarsdóttir  
*Menningarborgin*  
*Menningar- og Íþróttasvið*